



## Fundur Ungmennaráðs Langesbyggðar

10. fundur Ungmennaráðs Langesbyggðar, haldinn á skrifstofu Langesbyggðar að Langesvegi 2, fimmtudaginn 5. Mars2026. Fundur settur kl. 16:15

**Mætt voru:** Ólafur Ingvi Sigurðsson, Dögun Rúnarsdóttir, Guðbjörn Lúther Ævarsson, Ragnar Geir Axelsson og Hólmfríður Katrín Jónsdóttir (fjarfundi).  
Sigurbjörn V. Friðgeirsson stýrði fundi og ritaði fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Verkaskipting nýs Ungmennaráðs Langesbyggðar

Hólmfríður Katrín Jónsdóttir bauð sig fram til formanns.

Ákveðið var að skyldur ritara gætu gengið milli manna.

*Samþykkt samhljóða.*

#### 2. Boð til samtals við Ungmennaráð á Norðurlandi-eystra

Lagt fram til kynningar.

*Bókun um afgreiðslu:*

Ungmennaráð Langesbyggðar fagnar erindinu og telur að allt samráð við ungt fólk sé til bóta.

Samþykkt að stefna að mætingu og Sigurbirni falið að sjá um undirbúning.

*Samþykkt samhljóða*

#### 3. Ráðstefna ungmennaráð sveitarfélaga

Rætt var um fyrirhugað Ungmennanæing SSNE sem á að fara fram á Húsavík 14.-15. apríl. Ungmennaráð

Langesbyggðar stefnir á að senda fulltrúa þangað líkt og fyrri ár.

#### 4. Önnur mál.

4.1 Guðbjörn hefur veitt því eftirtekt að þörf er á viðhaldi vegstika á afleggjurum í sveitinni. Víða vantar þær inn á milli eða eru skemmdar. Sigurbirni falið að kanna nánar í hvaða farvegi þessari ábendingu væri best borgið.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 17:15